

Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfisráð,
Bæjarstjórn og
Bæjarstjóri Akraness
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Akranesi, 19. Október 2020

Varðar: Athugasemdir og mótmæli við breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, deiliskipulagi Skógahverfis áfanga 3A og deiliskipulagi Garðalundar – Lækjarbotna

Við undirrituð, húsbyggjendur og verðandi íbúar í Skógahverfi, mótmælum harðlega skipulagslýsingu sem Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og deiliskipulags í Skógahverfi áfanga 3A og Garðalundar – Lækjarbotna sbr. auglýsingu frá 28.08.2020 <https://www.akranes.is/is/frettir/auglysing-um-skipulagsma>

Tillögurnar sem nú eru kynntar eru mjög líkar áður auglýstum tillögum sem ítrekað hefur verið mótmælt án viðunandi svara. Fyrst og fremst hafa ekki fengist viðunandi svör við því hvers vegna ákveðið var að fella fyrra deiliskipulag Skógahverfis úr gildi og hefja vinnu við nýtt deiliskipulag. Undirrituð láta rök um land- og lóðaskort ekki gilda, þar sem nú þegar eru fjölmörg svæði í bænum í skipulagsferli.

Við gerum athugasemdir af tvennum toga:

1. Sem húsbyggjendur í Skógahverfi
2. Sem íbúar Akraness


Um 1.:

Þegar við tókum ákvörðun um að byggja í Skógahverfi lá fyrir deiliskipulag hverfisins. Skipulagið leit út sem heildstæð hönnun og engin ástæða til þess að ætla að svo umfangsmiklar deiliskipulagsbreytingar yrðu gerðar, eins og nú liggja fyrir. Fjölgun íbúða og þétting byggðarinnar gengur þvert á þá hugmynd sem fyrra deiliskipulag stóð fyrir, þ.e. stór græn svæði og hæfilega þétt byggð.

Um 2.:

Sem íbúar Akraness mótmælum við harðlega fyrirhugaðri byggð upp við Garðalund. Fyrra deiliskipulag sýnir mikla möguleika á stækkun og þróun útivistarsvæðis beintengdu Garðalundi, sem og tengingu við skógræktarsvæðið í Klapparholti. Í heilsueflandi samfélagi þar sem útivist er æ stærri hluti af lífi fólks mun slíkt svæði verða ómetanlegt, og óskiljanlegt að fórnar eigi þessum framtíðarmöguleikum með því að leggja landið undir byggð. Ekki einungis mun slíkt svæði þjóna íbúum Akraness, heldur einnig auka aðdráttarafl Akraness fyrir ferðafólk, sem fellur vel að þeirri ímynd sem bærinn er smám saman að skapa sér, sbr. uppbygginuna á Breið og við Langasand.

Við skorum á bæjarstjórn Akraness að færa skipulagsmörkin til baka til fyrra horfs, sbr. mynd:



Gildandi skipulag, staðfest 26.04.2006 m.s.br.

Virðingarfyllt:

Anna Björk Nikulásdóttir, Vogabraut 10 (160374-5789)

Daniel Schnell, Vogabraut 10 (210371-2819)

Lóðarhafar og húsbyggjendur að Fjólulundi 4